

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjanes fimmtudaginn 20. desember 2012 í máli nr. S-533/2012:

Ákærvaldið

(Vilhjálmur Reyr Þórhallsson ftr.)

gegn

Haraldi Yngvasyni og

(Pétur Kristinsson hdl.)

Svani Karli Friðjónssyni

(Hilmar Baldursson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þann 20. nóvember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum dagsettri 11. júní 2012 og síðan framhaldsákæru útgefinni 15. nóvember 2012 á hendur Haraldi Yngvasyni, kt. 000000-0000, Felli, Snæfellsbæ, og Svani Karli Friðjónssyni, kt. 000000-0000, Ásvöllum 6b, 240 Grindavík.

I.

Gegn ákærða Haraldi Yngvasyni fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, með því að hafa, 26. nóvember 2010, eftir löndun úr skipinu Ástu GK-262, skipaskrárnúmer 1231, við Ólafsvíkurhöfn, Ólafsvík, ekið bifreiðinni YV259, með tvö fiskikör, sem innihéldu samtals 857 kg af óslægðum þorski, samtals að verðmæti 295.752 kr., án viðkomu á hafnarvog, þannig að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bárust ekki vigtarmanni. Bifreiðinni ók ákærði Haraldur Yngvason, án þess að hafa vigtarnótu meðferðis, frá Ólafsvíkurhöfn og að húsnæði fiskverkunarinnar Hafkletta ehf., Hafnargötu 4, Sandgerði, þar sem tekin voru fjögur kör af fiski úr bifreiðinni, þaðan hélt ákærði Haraldur Yngvason að húsnæði fiskverkunarinnar H. Pétursson ehf., Skáleyjarvegi 12, Garði, þar sem tekin voru þrettán kör af fiski úr bifreiðinni, þaðan ók ákærði Haraldur Yngvason áleiðis til Keflavíkur þar sem lögregla stöðvaði för hans rétt vestan við Mánatorg, Reykjanesbæ.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 6. gr. og 10. gr., sbr. 23. gr., laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 3. gr., 1. mgr. 6. gr., 7. gr. og 8. gr., sbr. 1. mgr. 63. gr., reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006.

II.

Gegn ákærða Svani Karli Friðjónssyni, skipstjóra Ástu GK-262, skipaskrárnúmer 1231, fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, með því að hafa ekki, þann 25. nóvember 2010, tryggt að sá afli sem I. liður ákærunnar tilgreinir færi á hafnarvogina í Ólafsvíkurhöfn, þannig að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bárust ekki vigtarmanni en með því móti reiknaðist sá afli skipsins ekki með réttum hætti til aflamarks skipsins en aflann flutti meðákærði Haraldur Yngvason framhjá hafnarvoginni líkt og tilgreint er í ákærulið I.

Telst þessi háttsemi varða við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr., sbr. 23. gr., laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 1. mgr. 2. gr., 6. og 7. gr., sbr. 1. mgr. 63. gr., reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu krefjast báðir sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, en til vara vægustu refsingar sem lög frekast leyfa.

I.

Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglu bar upphaf þessa máls að með þeim hætti, að klukkan rúmlega 5 að morgni 26. nóvember 2010 óskaði Örn Sævar Holm, eftirlitsmaður Fiskistofu, eftir aðstoð lögreglu við að stöðva flutningabifreiðina YV-259 á Garðskagavegi. Hafði Örn skömmu áður haft afskipti af ökumanni bifreiðarinnar, Haraldi Yngvasyni, öðrum ákærða í máli þessu, sem hann kvaðst gruna um framhjalöndun úr bátnum Ástu GK-262 á Ólafsvík fyrr um kvöldið. Sagði Örn að fylgst hafi verið með löndun úr Ástu í Ólafsvík og bifreiðinni veitt eftirför frá löndunarstað og að fiskverkunum í Sandgerði og Garði.

Utan við fiskverkun Hafkletta ehf. hefði ákærði Haraldur sagt að hann væri að koma með afla úr Ástu GK sem hefði verið landað í Ólafsvík kvöldið áður. Hafi Haraldur sagst vera með alls 17 kör af fiski í bílnum ásamt einhverju af tónum körum. Þarna tók Haraldur 1 kar af slægðri löngu og 3 kör af óslægðri ýsu af bifreiðinni og lét inn í fiskmóttöku Hafkletta. Að því búnu hefði Örn veitt honum eftirför að fiskverkun H. Péturssonar í Garði. Þar tók Haraldur 13 kör af óslægðum

Þorski af bifreiðinni og lét inn í fiskmóttöku H. Péturssonar. Taldist eftirlitsmanninum þá svo til að Haraldur væri búinn að taka 17 kör af bílnum eða allan þann afla sem hann hafði sagst vera með í bifreiðinni. Óskaði eftirlitsmaðurinn eftir því að fá að skoða inn í bifreiðina til þess að fullvissa sig um að allur fiskur væri farinn úr bifreiðinni. Haraldur neitaði eftirlitsmanni um þetta og sagði að engin kör með fiski væru eftir í bifreiðinni og ók á brott í áttina til Keflavíkur.

Lögreglan stöðvaði bifreiðina skammt frá Keflavík og innti Harald eftir því hvað hann væri með í bifreiðinni og svaraði hann því til að hann væri einungis með tómskör. Við nánari skoðun lögreglu kom í ljós að auk þess að vera með tómskör og nokkur bretti var Haraldur með í bifreiðinni 2 kör sem óslægður þorskur var í. Varð Haraldur missaga um það við lögreglu hvert sá fiskur ætti að fara, en á vettvangi gat hann ekki útskýrt hvert förinni væri heitið með fiskinn. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði hann síðan að fiskurinn hafi átt að fari til Hafnarfjarðar án nánari útskýringa.

Samkvæmt vigtarnótum til endurvigtunar frá hafnarvigtinni á Ólafsvík sést að H. Pétursson kaupir 13 kör af fiski og Hafklettur 4 kör.

Eftirlitsmaður Fiskistofu sem lét fylgjast með löndun í Ólafsvík, þar sem 19 körum af fiski var landað úr Ástu GK, fylgdist einnig með því þegar 4 körum var ekið til Hafkletta og 13 körum til H. Péturssonar en á Ólafsvík höfði einungis verið gefin upp 17 kör.

Lögreglan lagði hald á aflann í körunum tveimur og var hann vigtaður á hafnarvoginni í Sandgerði og reyndist vera um að ræða 857 kg af óslægðum þorski að verðmæti 295.752 krónur.

II.

Framburður ákærðu:

Ákærði Svanur Karl Friðjónsson sagðist neita sök. Kvaðst ákærði hafa starfað í sjávarútvegi í tæp þrjátíu ár og þar af mestan part sem skipstjóri. Kvaðst ákærði hafa verið við löndunina á Ástu GK í umrætt sinn. Hann hafi verið skipstjóri og fylgst með því hvað var í körum sem hífð voru upp úr bátnum og sagði að sá sem tók við körunum hljóti að hafa farið með þau á vigtina sem að þessu sinni var á Fiskmarkaðinum í Ólafsvík. Ákærði kvaðst ekki vita hverjir stjórnðu lyfturunum sem fóru með aflann upp á vigt en þeir hafi verið tveir eða þrír, þar af einn sem var starfsmaður Fiskmarkaðarins. Ekki kvaðst ákærði hafa haft samband við vigtarmann. Sagði ákærði að þegar verið var að hífa þá hafi hann krækt úr körunum en vélstjórinn hafi verið á bómunni. Kvaðst ákærði hafa upplýst þá sem óku lyfturunum um það hvað var í hverju kari. Ákærði sagði að Fiskmarkaðurinn væri í þrjú til fjögur hundruð metra fjarlægð frá löndunarstað. Afrit úr afladagbók var að sögn ákærða ekki tekið fyrr en báturinn var kominn til Sandgerðis nokkrum dögum seinna.

Ákærði Haraldur Yngvason kvaðst ekki hafa starfað við sjávarútveg nema sem bílstjóri í nokkur ár. Kvaðst ákærði hafa komið með bifreiðina og lagt henni um miðnættið og farið að hvíla sig og seinna lagt af stað eftir að búíð var að lesta

bílinn. Kvaðst ákærði hvorki hafa verið viðstaddur vigtun né löndun aflans en ekið aflanum frá Ólafsvík á Suðurnesin. Hann hefði ekki haft neina vigtarnótu meðferðis í flutningunum, enda hafi hann haldið að þess þyrfti ekki. Kvaðst ákærði ekki hafa orðið þess var að verið væri að fylgjast með honum þegar hann fór frá Ólafsvík en starfsmaður Fiskistofu hefði komið til hans þegar hann var kominn á Suðurnesin og var að losa afla af bílnum inni í húsi. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér samsetningu aflans áður en hann lagði af stað frá Ólafsvík en hann hefði losað aflann af bílnum á tveimur stöðum, fyrst í Sandgerði og síðan í Garðinum. Kvaðst ákærði ekki muna eftir því að starfsmaður Fiskistofu hafi óskað eftir því við hann að fá að sjá inn í bílinn. Hann kannast við að hafa sagt við starfsmann Fiskistofu að ekki væri meiri fiskur í bílnum þegar hann var búinn að losa aflann sem hann var með en hann muni ekki hvort hann leyfði honum að skoða í bílinn þegar hann óskaði eftir því. Skömmu síðar hefði lögreglan stöðvað bílinn. Ákærði sagðist ekkert hafa vitað um tvö kör með fiski sem voru í bílnum sem einhver hljóti að hafa komið fyrir þar. Kvaðst ákærði ekkert hafa kynnt sér hvað var í bílnum heldur einungis gætt þess að hann færi ekki yfir leyfilega þyngd. Kvaðst ákærði þekkjá nokkurn veginn þær reglur sem gilda um löndun sjávaraflla.

III.

Vitnið Örn Sævar Hólm, starfsmaður Fiskistofu, sagði að eftirlitsmaður sem staddur var í Ólafsvík hefði haft samband við hann og hefðu þeir ákveðið að fylgjast með tilteknum bíl vegna þess að eftirlitsmaðurinn taldi að fleiri kör hefðu farið inn í bílinn en fram komu á vigtarnótu og að jafnvel gæti verið fiskur í þeim körum. Var bílnum því fylgt eftir til Sandgerðis en ekki gripið inn í fyrr en komið var á Suðurnesin til þess að valda sem minnstum óþægindum við flutninginn. Kvaðst vitnið hafa stöðvað bílinn og beðið um flutningsnótu sem bílstjórinn hefði ekki verið með og því ekki getað sýnt fram á hvaða afla hann var með í bílnum. Hefði bílstjórinn sagt að fjögur kör ættu að fara af bílnum í Sandgerði við Hafkletta og hefði vitnið þá sagt bílstjóranum að hann myndi fylgjast með til þess að sannreyna hvaða afli væri í bílnum. Að þessu búnu var bílnum ekið í Garðinn og þar losað af honum þrettán kör af þorski. Sagði vitnið að því hafi þá orðið ljóst að fleiri kör voru í bílnum með fiski í. Þegar bílstjórinn gerði sig líklegan til þess að taka ekki fleiri kör af bílnum og halda af stað þá hefði vitnið innt bílstjóran eftir því hvert hann væri að fara. Þá hefði bílstjórinn svarað því til að það kæmi honum ekki við. Sagði vitnið að bílstjórinn hefði hunsað ítrekaða beiðni hans um að fá að skoða hvað væri í bílnum og ekið á braut þrátt fyrir ábendingu vitnisins um að lögregla yrði kölluð til. Kvaðst vitnið þá hafa hringt til lögreglu sem hafi stöðvað bílinn við Keflavík og við skoðun hefðu fundist í bílnum tvö kör af slægðum þorski sem bílstjóri hefði sagt að hann væri að fara með til Hafnarfjarðar. Var farið með þennan afla á vigt í Sandgerði. Sagði vitnið að það ynni eftir þeim reglum, sem það telur að komi fram í reglugerð og leggja þær skyldur á herðar bílstjórum sem aka með afla að vera með vigtarnótur, svo hægt sé að sannreyna hvaða afli er í viðkomandi bíl. Þetta eigi einnig við um afla sem sé að fara til endurvigtunar og eftir er að skilja að fisk og ís. Sagði vitnið að það hafi séð þegar körin sautján voru tekin út úr bílnum, fjögur í Sandgerði og þrettán í Garðinum, eins og gert er ráð fyrir á vigtarnótunum frá Ólafsvík. Sagði vitnið að tóm kör hefðu verið sett inn í bílinn í Sandgerði og kvaðst vitnið hafa gengið úr skugga um að þau hafi verið tóm. Sagði vitnið útilokað að fram hjá honum hefði getað farið að kör með fiski færu inn í bílinn án þess að hann tæki eftir því. Sagðist vitið ekki vita til þess að haft hafi verið samband við lyftaramenn sem höfðu með aflann að gera í Ólafsvík og engin

nöfn lægju fyrir þar að lútandi svo vitnið viti til. Sagði vitnið að þar sem vafaatriði hefði verið hvort aukafiskur væri í körum í bílnum hefði bíllinn ekki verið stoppaður strax í Ólafsvík. Sagði vitnið að hálfmánaðar veiðileyfissviptingu hefði verið beitt vegna þessa meinta brots en það viti ekki hvort sú ákvörðun hefði verið kærð.

Vitnið Björgvin Guðmundsson, starfsmaður Fiskistofu, sagðist hafa fylgst með löndun úr Ástu GK í Ólafsvík í umrætt sinn vegna ábendinga sem höfðu borist. Kvaðst vitnið hafa komið sér fyrir í um það bil þrjú til fjögur hundruð metra fjarlægð frá bryggjunni og séð þokkalega yfir svæðið með sjónauka. Sagði vitnið að níttján kör í allt hefðu farið inn í bíllinn sem um ræðir. Sagðist vitnið hafa haft samband við Fiskmarkaðinn sem vigtaði aflann, þar sem hafnarvogin hafi verið í lamasessi, og beðið um upplýsingar um hversu mikið hafi verið vigtað úr Ástu GK. Þar fékk vitnið upplýsingar um að það hefðu verið sauttján kör, sextán stór og eitt lítið. Sagði vitnið að bílnum hafi eftir vigtunina verið lagt við Ólafsbrautina í Ólafsvík og bílstjórinn farið inn til sín en hann hafi ekki getað borið kennsl á hann vegna fjarlægðarinnar. Um klukkan 01.15 hafi bíllinn haldið af stað og hefði vitnið veitt honum eftirför. Vitnið staðfesti skriflega greinargerð sína og minnispunkta sem liggja frammi í málinu. Sagði vitnið að við löndunina í Ólafsvík hefði sá sem tók körin á lyftara raðað þeim meðfram bílnum eftir vigtun en þegar stutt var orðið á milli þeirra kara sem búið var að vigta þá hafi lyftaramaðurinn ýtt tveimur óvigtuðum körum upp að hinum sem búið var að vigta og hafi þau farið inn á bíllinn með þeim sem vigtuð voru. Ekki kvaðst vitnið hafa séð hver stjórnaði lyftaranum sem um ræðir en honum hefði verið sagt að lyftarinn hefði verið á vegum fyrirtækisins sem flutti fiskinn en einnig hefði komið annar lyftari að lönduninni. Sagði vitnið að oft fari hluti af afla eða meðafla á Fiskmarkaðinn og renni verðmæti hans í sérstakan sjóð á vegum Hafró.

Vitnið Hörður Óskarsson lögreglumaður sagði að tilkynning hefði borist frá Fiskistofumanni um að hugsanlega væri óvigtuður afli í bíl sem væri á ferðinni og var þess óskað að lögregla kæmi að málinu. Sagði vitnið að lögregla hefði stöðvað bíllinn, eftir lýsingu sem komið var á framfæri. Þegar vitnið spurði bílstjóran hvort hann væri með fisk í bílnum hefði bílstjórinn neitað því. Þegar vitnið fór fram á það við bílstjóran að opna bíllinn þá hefði hann neitað að verða við því og það hafi ekki verið fyrir en lögregla sagði bílstjóranum að hann yrði handtekinn og aflað heimildar til þess að opna bíllinn að hann varð við beiðni lögreglu. Kom þá í ljós að í bílnum voru tvö kör af ísuðum þorski sem við vigtun reyndist vera nálægt 900 kg.

Vitnið Sigvaldi Arnar Lárusson lögreglumaður sagðist hafa fundið, ásamt félaganum sínum, tvö kör af fiski í umræddri bifreið eftir að ökumaður hafði neitað lögreglu um að opna bíllinn.

Niðurstaða.

Varðandi þátt ákærða Svans K. Friðjónssonar veltur niðurstaða um sekt hans á því hvort hann hafi búið svo um hnútana að hann mætti með réttu treysta því að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann sem var verið að landa úr skipi hans bærust til vigtarmanns. Ákærði hefur borið fyrir sig að óvinnandi vegur sé að fylgjast betur með vigtun afla en hann gerði í umrætt sinn. Slíkt myndi tefja löndun og vera erfitt

í framkvæmd. Hann hefði sem skipstjóri fylgst með því hvað var í körum sem hífð voru upp úr bátnum og sagði að sá sem tók við körunum hljóti að hafa farið með þau á vigtina, sem að þessu sinni var á Fiskmarkaðinum í Ólafsvík. Ekki kvaðst ákærði vita hverjir voru á lyfturunum sem fóru með aflann upp á vigt en þeir hefðu verið tveir eða þrír og þar af einn sem var starfsmaður Fiskmarkaðarins. Ekki kvaðst ákærði hafa verið í sambandi við vigtarmann. Dómari er þeirrar skoðunar að skipstjóri geti ekki með þeirri lausung sem var viðhöfð við umrædda löndun firrt sig þeirri miklu ábyrgð sem á honum hvíli til þess að tryggt sé að réttar upplýsingar liggi fyrir við vigtun. Í fyrsta lagi vissi hann ekki hverjir stjórnðu lyfturum sem fóru með aflann á vigtina. Í öðru lagi hafði hann ekki samband við vigtarmann til þess að tryggja að til hans hafi borist réttar og fullnægjandi upplýsingar um þann afla sem landað var úr bátnum. Verður, að mati dómara, að gera þá lágmarkskröfu að skipstjóri viti hverjir eru að landa úr bát hans þannig að hægt sé að kanna hvað hafi farið úrskeiðis komi til þess. Í því sambandi bendir dómari á að öðruvísi horfi við um ábyrgð skipstjóra séu það starfsmenn útgerðar hans sem fara með afla á vigt eða menn sem hann hefur reynslu af og veit deili á og eðlilegt verður að telja að hann megi treysta. Með háttalagi sínu við umrædda vigtun sé skipstjóri að varpa ábyrgð sinni yfir á aðra sem honum er ekki heimilt nema að viðhafðri yftrútu aðgæslu, að öðrum kosti ber hann ábyrgð á háttsemi sinni sem brýtur í bága við 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr., sbr. 23. gr., laga um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og 1. og 2. mgr. 6. og 7. gr., sbr. 1. mgr. 63. gr., reglugerðar um skráningu sjávarafila nr. 224/2006. Telst ákærði Svanur samkvæmt þessu sannur að sök um þá háttsemi sem á hann er borin í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði Svanur ekki áður hlotið refsingu.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600.000 króna sekt og vararefsing sektar 32 daga fangelsi. Í samræmi við 218. gr. laga nr. 88/2008 er ákærða gert að greiða sakarkostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Varðandi meint brot ákærða Haraldar, sem neitað hefur sök, þykir dómara ljóst að með framburði sínum fyrir dómnum þess efnis að hann hefði ekki haft neina vigtarnótu meðferðis í flutningunum, enda hefði hann haldið að þess þyrfti ekki, hafi ákærði játað að hafa sýnt af sér háttsemi sem felur í sér brot gegn fyrirmælum 3. gr., sbr. 1. mgr. 63. gr., reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafila nr. 224/2006. Reglugerðin er sett í samræmi við ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og laga nr. 151/1996 um stjórn fiskveiða og telur dómari fullnægjandi vísan til refsíheimildar ótvírætt koma fram í orðalagi ákæru sem vitnar til þess að brotið hafi verið gegn reglugerðarákvæðinu Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar er ökumanni flutningstækis fortakslaust óheimilt að flytja afla fyrr en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta. Jafnframt er ökumanninum skylt að fá afrit af vigtarnótu til þess að afhenda viðtakanda aflans. Brot gegn reglugerðinni varða viðurlögum samkvæmt VI. kafla laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Í ákæru er réttilega vísað til 1. mgr. 63. greinar reglugerðarinnar hvað þetta varðar. Telur dómari að heimvísun til 10. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 í ákæru eigi eingöngu við þann ökumann sem flytur afla frá skipshlið að hafnarvog og verður ákærða því ekki refsað fyrir brot gegn henni. Þá þykir vísun til 6., 7. og 8. gr. reglugerðarinnar nr. 224/1996 ekki geta átt við, því þær skyldur sem þar um ræðir í 6. og 7. gr. eru á herðum skipstjóra þess fiskiskips sem á í hlut og skyldur samkvæmt 8. gr. á herðum þess ökumanns sem flytur afla til vigtunar sem ekki er byggt á að ákærði Haraldur hafi átti hlut að. Að öllu virtu verður ákærða því

gerð refsing fyrir að láta undir höfuð leggjast að sinna þeirri varúðarskyldu sem á hann er lögð og flytja óveginn afla í blóra við fyrirmæli 3. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði Haraldur ekki áður hlotið refsingu en hann gefur eftirlitsmanni Fiskistofu og lögreglu vísitandi rangar upplýsingar, eins og áður er rakið, og er fjarri því að vera samvinnufús gagnvart rannsóknaraðilum.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 32 daga fangelsi. Í samræmi við 218. gr. laga nr. 88/2008 er ákærða gert að greiða sakarkostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Við ákvörðun málsvarnarlauna er virðisaukaskattur innifalinn.

Við ákvörðun um sekt ákærðu er haft í huga að samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1996 varða brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Þá er til þess litið að í lögum nr. 57/1996 um umgengni við nytjastofna sjávar er mælt fyrir um það að refsing vegna brota sem þessara skuli ekki vera lægri en 400.000 krónur og ekki hærrí en 4.000.000 króna eftir eðli og umfangi brots. Í ljósi þessara skýru fyrirmæla telur dómurinn dæmdar sektir hæfilegar.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Svanur Karl Friðjónsson greiði 600.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 32 daga.

Ákærði Svanur skal greiða sem sakarkostnað málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Baldurssonar hdl., 163.150 krónur.

Ákærði Haraldur Yngvason greiði 600.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 32 daga.

Ákærði Haraldur skal greiða sem sakarkostnað málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Kristinssonar hdl., 163.150 krónur, og 45.000 krónur vegna ferðakostnaðar hans.

Sveinn Sigurkarlsson